

Eyjafjarðarsveit
b/t Vigfús Björnsson
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík 6. maí 2019
UST201904-031/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir frístundabyggð – Arnarholt - Eyjafjarðarsveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar er barst 2. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi undir frístundabyggð í Arnarholti í Eyjafjarðarsveit.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til fjögurra frístundalóða þar sem heimilt er að byggja tvö hús á hverri lóð og hámarksheildarbyggingarmagn innan hversrar lóðar er 200 m².

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999


Trjágróður

Í greinargerð kemur fram að frístundahúsasvæðið er klætt þéttum skógi og er staðsett á viðkvæmu klapparsvæði. Auk þess kemur fram að við hönnun og útfærslu á húsum á svæðinu skal þess gætt að rask verði sem minnst til að heildaryfirbragð svæðisins haldist að mestu. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin geti haft neikvæð áhrif á trjágróður á skipulagssvæðinu og tekur því undir mikilvægi þess að staðsetning á húsum og lagning á vegum verði til þess fallin að rask á gróðri verði sem allra minnst.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur